

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur þriðjudaginn 12. nóvember 2024

Mál nr. E-2346/2022:

**Mercus Ventures Ltd.**

(Vífill Harðarson lögmaður)

gegn

**Tommi's Burger Joint Ltd.,**

**C,**

**D og**

**E**

(Einar Brynjarsson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta er höfðað af Mercus Ventures Ltd., John Kennedy 16, Nicosia, Kýpur, gegn Tommi's Burger Joint Ltd., Thayer Street, W1U 2QP, Englandi, með stefnu birtri 22. apríl 2022, C, með stefnu birtri 25. mars 2022, D, með stefnu birtri 24. mars 2022, og E, með stefnu birtri 24. mars 2022. Málið var þingfest 19. maí 2022.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði gert að greiða honum óskipt (in solidum) 1.748.948 sterlingspund, ásamt umsömdum dráttarvöxtum, sem nemi 1,95% á mánuði, og sem leggjast skulu við höfuðstól kröfunnar mánaðarlega 27. dag hvers mánaðar, frá 27. september 2021 til greiðsludags. Enn fremur er krafist málskostnaðar að skaðlausu óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnanda en til vara að þær verði lækkaðar og málskostnaðar úr hans hendi í báðum tilvikum.

Stefndu lögðu fram greinargerð með kröfu um frávísun 14. júní 2022 á grundvelli 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 7. gr. laga nr. 78/2015. Með úrskurði dómsins 11. nóvember 2022 var málinu vísað frá dómi. Með úrskurði Landsréttar í máli nr. [...] /2022 frá [...] 2023 var úrskurðurinn felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar meðferðar. Stefndu lögðu fram greinargerð með efnisvörnum í þinghaldi 27. mars 2023. Stefnandi lagði fram matsbeiðni í þinghaldi 24. apríl 2023 og var matsmaður dómkvaddur í þinghaldi 26. júní 2023. Matsgerð lá fyrir í apríl 2024 og var lögð fram í þinghaldi 18. þess mánaðar. Aðalmeðferð málsins var þá ákveðin 11. september 2024 en henni var frestað að beiðni lögmanns stefnanda þar sem matsmaður gat ekki gefið skýrslu fyrir dóminum þann dag. Var málinu þá frestað til 15. október 2024 og dómtekið að lokinni aðalmeðferð þess þann dag.

Dómurinn var upplýstur um það af lögmanni stefndu með tölvupósti 3. október sl. að bú stefnda Tommi's Burger Joint Ltd. hefði verið tekið til slitameðferðar í Bretlandi og að tilsjónarmaður búsins hefði falið lögmanninum að gæta áfram hagsmuna félagsins

fyrir dóminum. Við munnlegan málflutning voru gögn þar að lútandi lögð fram og skýrðist þá að hið stefnda félag mun ekki vera undir gjaldþrotaskiptum og er aðild þess því óbreytt fyrir dóminum. Við munnlegan málflutning kom einnig fram hjá lögmanni stefndu að hann flytti málið fyrir stefndu C, D og E en ekki hið stefnda félag en vísaði til greinargerðar um varnir þess stefnda. Ekki ætti þó að líta svo á að um útivist af hálfu félagsins væri að ræða.

## I

### Málsatvik

Með samningi 2. nóvember 2016 fékk hið stefnda félag, Tommi's Burger Joint Ltd., 897.378 sterlingspund að láni frá stefnanda og gengust stefndu C, D og E í ábyrgð fyrir félagið samkvæmt ákvæðum samningsins. Samkvæmt gögnum málsins hafði hið stefnda félag fyrr á árinu 2016 fengið lán samkvæmt samningi við stefnanda þar sem stefndu C, D og E höfðu jafnframt verið ábyrgðarmenn. Er þeim stefnt sameiginlega ásamt félaginu. Ekkert mun hafa verið greitt af því láni og í framhaldinu munu hafa átt sér stað breytingar á rekstri hins stefnda félags. Því hafi verið gerður breyttur og endurgerður lánssamningur þar sem höfuðstóll og áfallnir vextir samkvæmt fyrri samningnum mynduðu höfuðstól samkvæmt hinum nýja samningi.

Fram er komið í málinu að stefndu C, D og E hafi verið [...] á þessum tíma og að félagið hafi staðið, og standi enn, að rekstri veitingastaða í London. Þannig kemur fram í stefnu að hinir stefndu ábyrgðarmenn hafi verið „[...] stefnda TBJ“ og þá segir í greinargerð að hinir stefndu ábyrgðarmenn séu einstaklingar „sem á sínum tíma tengdust rekstri TBJ [...]“. Nokkru áður en fyrri lánssamningurinn var gerður munu þeir hafa komið að máli við stefnanda og óskað eftir lánafyrirgreiðslu til handa hinu stefnda félagi. Þar sem í boði hafi verið kjör sem stefnandi hafi metið hagstæð og tryggingar sem hann hafi metið traustar hafi hann fallist á að veita lánið með þeim skilmálum sem í samningnum greini.

Umræddur samningur liggur fyrir í málinu á ensku og löggiltri íslenskri þýðingu og verður vísað til þýðingarinnar í dómi þessum. Samningurinn er langur og ítarlegur og verður hér greint frá helstu ákvæðum hans. Í aðfaraorðum samningsins kemur fram að hið stefnda félag sé lántaki (e. Borrower), stefnandi lánveitandi (e. Lender) og stefndu C, D og E sameiginlega ábyrgðaraðilar (e. Guarantors) og hver og einn þeirra ábyrgðaraðili (e. Guarantor). Í samningnum segir að lánveitandi hafi samþykkt að veita lántaka tryggða lánsheimild með heildarhöfuðstól ekki hærri en 897.378 sterlingspund með þeim skilmálum og skilyrðum sem fram komi í samningnum og að ábyrgðaraðilar hafi samþykkt að ábyrgjast allar skuldbindingar og skuldir lántaka við lánveitanda í tengslum við samninginn og séu aðilar að samningnum að því er varði ábyrgðina samkvæmt 17. gr. hans.

Um tilgang lánsins segir í grein 3.1 að lántaki skuli nota (i) allt fé sem tekið er að láni samkvæmt Metro Bank hlutanum í þeim tilgangi að endurgreiða Metro Bank lánið (ii) allt fé sem tekið er að láni samkvæmt fasteignahlutanum í þeim tilgangi að ganga frá öflun og breytingu á nýju fasteigninni í útibú Tommi's Burger Joint og (iii) veltufjárhlutann í veltufjártilgangi.

Greiðslu- og vaxtakjörum lánsins er lýst í 6. gr. samningsins. Þar segir að vextir skuli vera 1,75% fyrstu fimm mánuðina, á svokölluðu vaxtauppsöfnunartímabili. Að því loknu skuli taka við sjö mánaða tímabil óbreyttra mánaðarlegra vaxta á svokölluðu vaxtagreiðslutímabili. Að loknu vaxtauppsöfnunar- og vaxtagreiðslutímabilinu skuli lánið, á svokölluðum umbreytingardegi, breytast í endurgreiðslulán og vera endurgreitt að fullu með 54 mánaðarlegum jöfnum greiðslum með nánar tilgreindum ársvöxtum auk afborgunar af höfuðstól sem fjallað sé um í 8. gr. Þá segir að vextir skuli safnast upp daglega og skuli þeir bætast við höfuðstól lánsfjárhæðarinnar mánaðarlega eftir á í tilviki vaxtauppsöfnunartímabilsins og greiddir mánaðarlega eftir á í tilviki vaxtagreiðslutímabilsins. Vanræki lántaki að inna af hendi greiðslu sem sé gjaldkræf samkvæmt samningnum á gjalddaga greiðslu skuli vextir safnast upp daglega á hina ógreiddu fjárhæð frá dagsetningu greiðslufalls til greiðsludags sem skulu nema 0,2% á mánuði ofan á áður nefnt vaxtastig ef greiðslufallið á sér stað á tímabilinu þegar aðeins skulu greiddir vextir, vaxtagreiðslutímabilinu, eða 2,5% á ársgrundvelli ofan á áður nefnt vaxtastig ef greiðslufallið á sér stað eftir umbreytingardagsetninguna sem tilgreind sé sá dagur sem falli 11 mánuðum frá dagsetningu samningsins. Fram kemur í gögnum málsins að þar sem engar greiðslur höfðu borist þegar komið var að umbreytingardegi, og engar greiðslur í ár þar á eftir, hefði stefnandi haldið áfram að reikna vexti eftir aðferð sem gildi á vaxtagreiðslutímabilinu.

Nánar er svo fjallað um greiðslur og útreikning vaxta í 8. gr. samningsins en þar er ítrekað að lánið skuli endurgreitt að fullu með greiðslu 54 samfelldra mánaðarlegra afborgana að fjárhæð sem nemi vöxtum sem reiknist sem 12% ársvextir á lánsfjárhæðina sem sé útistandandi á umbreytingardeginum að viðbættri endurgreiðslu höfuðstóls sem reiknist sem 22,2226% á ársgrundvelli af lánsfjárhæðinni sem sé útistandandi á umbreytingardeginum. Um nánari greiðslutilhögun er svo fjallað í 9. gr. samningsins, um ýmsar yfirlýsingar aðila við samningsgerðina í 10. og 11. gr. og um ýmis fjárhagsleg skilyrði (e. covenants) og afhendingu fjárhagsvottorðs (e. compliance certificate) í 12. gr. Þá er ýmsum vanefndatilvikum (e. events of default) lýst í 13. gr., svo sem ef greiðslur eru ekki inntar af hendi eða of seint eða fjárhagsleg skilyrði eru ekki uppfyllt. Í grein 13.9 segir að hafi vanefndatilvik orðið, eða standi enn yfir, geti lánveitandi, m.a. með tilkynningu til lántaka, lýst því yfir að lánið, ásamt áföllnum vöxtum og öðrum útistandandi fjárhæðum, sé þegar í stað gjaldkræft og skuli það þá þegar í stað verða

gjaldkræft og/eða hann geti lýst því yfir að lánið verði gjaldkræft þegar þess verði krafist og skuli það þá þegar í stað verða gjaldkræft þegar lánveitandi krefjist þess.

Um ábyrgðir og skaðleysi er fjallað í 17. gr. Í grein 17.1 segir að hver ábyrgðaraðili gangist undir óskiptar skuldbindingar með óafturkræfum og skilyrðislausum hætti (e. irrevocably and unconditionally jointly and severally) og ábyrgist gagnvart lánveitanda stundvíslegar efnir lántaka á öllum skuldbindingum sem njóti ábyrgðar samkvæmt einhverju fjármögnunarskjali, (e. any finance document) lofar lánveitanda að ef lántaki greiði ekki fjárhæð sem sé gjaldkræf samkvæmt eða í tengslum við eitthvert fjármögnunarskjal muni viðkomandi ábyrgðaraðili tafarlaust þegar krafist sé (e. on demand) greiða þá fjárhæð eins og hann væri lántakinn. Þá segir að ábyrgðaraðilar veiti lánveitanda skaðleysi tafarlaust þegar þess sé krafist af öllum kostnaði, tjóni eða bótaábyrgð sem kunni að falla á lánveitandann ef einhver skuldbinding eða ábyrgð hans verði óframfylgjanleg, ógild eða ólögmæt. Skaðleysisskylda vegna slíks kostnaðar, tjóns eða bótaábyrgðar skuli nema fjárhæðinni sem lánveitandinn hefði ella átt rétt á að endurheimta. Þá segir í grein 17.2 að afhenda skuli lánveitanda staðfestingavottorð frá lögfræðingi hvers ábyrgðaraðila á nánar tilteknu formi sem sýni fram á að viðeigandi óháð lögfræðiráðgjöf hafi verið veitt og hafi að geyma staðfestingu ábyrgðaraðila á því að hann hafi fengið og skilið ráðgjöfina. Þá segir nánar um ábyrgðina í grein 17.3 að ábyrgðin sé samfelld (e. continuing guarantee) og taki til endanlegrar fjárhæðar alls þess sem lántaka beri að greiða samkvæmt samningnum án tillits til hvers konar innaborgana. Þá skuli ábyrgðin falla sjálfkrafa niður að fullu þegar allar fjárhæðir sem séu útistandandi samkvæmt samningnum hafi verið endurgreiddar að fullu. Í 23. gr. er fjallað um hvernig aðilar skuli senda tilkynningar sín á milli um atriði er varða samninginn, og er það ýmist með boðsendingu, forgangspósti eða með tölvupósti á nánar tiltekin netföng lánveitanda, lántaka og ábyrgðarmannanna. Í niðurlagi samningsins segir í 24. gr. um gildandi lög og lögsögu að samningurinn og allar deilur eða kröfur sem rísi vegna eða í tengslum við efni eða gerð hans skuli lúta og túlkast samkvæmt lögum Englands og Wales. Með samningnum er viðauki um greiðslur samkvæmt 8. gr. og viðauki um vottorð frá ráðgjafa ábyrgðaraðila og form fjárhagsvottorðs. Stefndi C ritar undir samninginn fyrir hönd félagsins og hann ásamt stefndu D og E sem ábyrgðarmenn samkvæmt grein 10.2 og 17. gr. Við undirritun ábyrgðarmannanna hvers um sig segir og er ritað í hástöfum: „Með því að gangast undir þessa ábyrgð kannt þú að verða ábyrgur í stað eða ásamt lántaka. Þú ættir að leita óháðrar lögfræðilegrar ábyrgðar áður en þú gengst undir þessa ábyrgð.“

Óumdeilt er að lántaki greiddi ekki af láninu fyrr en í mars 2018 en þá innti hann af hendi greiðslu sem nam 20.000 sterlingspundum. Síðar sama ár greiddi hann fimm greiðslur til viðbótar og nema greiðslur lántaka samtals 160.000 sterlingspundum. Frekari greiðslur hafa ekki verið inntar af hendi, hvorki af hendi lántaka né ábyrgðarmanna.

Meðal gagna málsins er bréf stefnanda 30. apríl 2019 til hins stefnda félags með nánar tilgreint heimilisfang og sem sent er með tölvupósti á ábyrgðarmennina þrjá á tilgreind netföng sem fram koma í 23. gr. samningsins. Þar eru viðtakendur ávarpaðir og vísað til samningsins frá 2. nóvember 2016, hugtakanotkunar hans og túlkunar og vísað til efnis 6. gr. um að lántaki skuli greiða vexti af heildarfjárhæð lánsins eftir lok vaxta-upsöfnunartímabilsins. Einhverjar vaxtagreiðslur hafi borist en langt undir því sem áskilið sé í samningnum. Vanefndatilvik samkvæmt 13. gr. samningsins hafi því átt sér stað. Þá segir að í grein 8.5 í samningnum komi fram að á umbreytingardeginum skuli lánið sjálfkrafa breytast í 54 mánaða endurgreiðslulán (e. capital repayment loan) og skuli endurgreitt að fullu með greiðslu 54 samfelldra mánaðarlegra afborgana. Engin afborgun hafi borist frá fyrsta virka degi næsta mánaðar á eftir þeim mánuði sem umbreytingardaginn hafi borið upp á og vanefndatilvik samkvæmt 13. gr. hafi því átt sér stað. Þá segir: „Þess vegna óskum við eindregið eftir því að þið ráðið bót á þessari vanefnd, og ofangreindum vanskilum vaxta, innan 10 virkra daga með því að greiða allar útistandandi vaxtagreiðslur og afborganir höfuðstóls inn á eftirfarandi bankareikning“ sem er svo nánar tilgreindur. Þá fylgir bréfinu yfirlit um „núverandi útistandandi eftirstöðvar lánsins“. Áfram segir í bréfinu að ekki hafi borist gögn og upplýsingar sem kveðið sé á um í grein 11.1 og vanefndatilvik hafi því átt sér stað samkvæmt 13. gr. samningsins hvað það varðar. Nánar sé þar m.a. um að ræða ársreikning lántaka, árshlutareikning, mánaðarlega stjórnendareikninga auk viðskipta- og fjárhagsáætlunar. Þá er vísað til þess að fjárhagsvottorð samkvæmt grein 12.4, sem sýni að lántaki uppfylli fjárhagslegu skilyrðin í 12. gr. samningsins, hafi ekki heldur borist lánveitanda. Er í báðum tilvikum óskað eftir því að „þið ráðið bót á þessari vanefnd innan 10 virkra daga með því að senda“ umbeðin gögn. Áfram segir að í bréfinu hafi aðeins verið taldar upp nokkrar vanefndir sem hafi átt sér stað og ekki hafi verið ráðin bót á. Lánveitandi áskilji sér öll réttindi og/eða úrræði sem hann kunni að njóta nú eða síðar samkvæmt samningnum og samkvæmt lögum, þar á meðal, án tæmandi talningar, réttindin sem getið sé um í grein 13.19 um gjaldfellingu samningsins. Ekkert í bréfinu skuli fela í sér eftirgjöf nokkurra réttinda og/eða úrræða lánveitanda samkvæmt samningnum eða lögum. Bréfið sé ritað með fyrirvara um réttindi og úrræði lánveitanda samkvæmt samningnum og almennum lögum. Þá eru áréttáðar skyldur lántaka samkvæmt samningnum.

Stefnandi sendi 14. október 2019 ábyrgðarmönnum þremur bréf með tölvupósti á nánar tilgreindu netföngin sem fram koma í 23. gr. samningsins og í fyrra bréfinu. Þar er vísað til samningsins frá 2. nóvember 2016, hugtakanotkunar hans og túlkunar hans og bréfsins frá 30. apríl 2019 og tekið fram í upphafi þess að bréfið sé sent þeim þar sem „þið eruð ábyrgðaraðilar samkvæmt samningnum“. Eins og í fyrra bréfinu er vísað með sama hætti til efnis 6. gr. samningsins auk greina 8.3 og 8.5, áréttað að greiðslur hafi ekki verið inntar af hendi og vanefndatilvik samkvæmt 13. gr. hafi því átt sér stað. Þá

segir: „Í bréfi okkar dagsettu 30. apríl 2019 óskuðum við eftir því að þið réðuð bót á framangreindri vanefnd vegna vanskila á afborgunum og framangreindri vanefnd vegna vanskila á vöxtum innan 10 virkra daga með því að greiða allar útistandandi vaxtagreiðslur og afborganir inn á eftirfarandi bankareikning“ sem svo er þar nánar tilgreindur. Engar greiðslur hafi borist í kjölfar fyrra bréfsins, hvorki afborganir né vaxtagreiðslur. Síðasta greiðslan hafi borist 20. desember 2018. Þá eru áréttuð vanefndatilvik samkvæmt 13. gr. vegna skyldna lántaka samkvæmt greinum 11.1, 11.6 og 12.4 sem þeir hafi ekki ráðið bót á þrátt fyrir bréfið 30. apríl 2019. Að endingu er áréttað að lánveitandi áskilji sér öll réttindi og/eða úrræði sem hann njóti nú eða síðar samkvæmt samningum, þar á meðal, án tæmandi talningar, réttindi sem getið sé um í grein 13.19 um gjaldfellingu samningsins. Ekkert í bréfinu skuli fela í sér eftirgjöf nokkurra réttinda og/eða úrræða lánveitanda samkvæmt samningnum eða lögum. Bréfið sé ritað með fyrirvara um réttindi og úrræði lánveitanda samkvæmt samningnum og almennum lögum. Þá eru áréttaðar skyldur lántaka samkvæmt samningnum.

Stefnandi sendi hinu stefnda félagi bréf með ábyrgðarpósti 27. september 2021. Þar er vísað til samningsins, hugtakanotkunar hans og túlkunar og gerð grein fyrir efni 6. gr. samningsins, greina 8.3 og 8.5, auk greina 11.1, 11.6 og 12.4. Áréttaðar eru skyldur lántaka samkvæmt þessum ákvæðum og að vanefndatilvik í skilningi 13. gr. hafi átt sér stað. Þá er áréttað að ekki hafi verið ráðin bót á vanefndum í kjölfar bréfsins 30. apríl 2019 þar sem óskað hefði verið eftir því að greiddar yrðu allar útistandandi vaxtagreiðslur og afborganir inn á reikning lánveitanda. Síðasta greiðslan hafi verið 20. desember 2018. Þá segir að í samræmi við grein 13.19 í samningnum sé því lýst yfir „að lánið (ásamt áföllnum vöxtum og öðrum útistandandi fjárhæðum samkvæmt fjármögnunarskjöllum) sé þegar gjaldkræft“, einnig að „lánið sé gjaldkræft þegar þess er krafist, og skal það þá þegar í stað verða gjaldkræft þegar lánveitandi krefst þess“ og „að tryggingarskjölin séu aðfararhæf“. Þá er þess krafist í niðurlagi bréfsins að lántaki greiði innan 10 virkra daga hina útistandandi skuld sem 2. september 2021 hafi numið 1.734.365 sterlingspundum og inn á nánar tilgreindan reikning lánveitanda. Eins og í fyrri bréfum er áréttað að lánveitandi áskilji sér öll réttindi og/eða úrræði sem hann njóti nú eða síðar samkvæmt samningum, þar á meðal, án tæmandi talningar, réttindi sem getið sé um í grein 13.19 um gjaldfellingu samningsins. Ekkert í bréfinu skuli fela í sér eftirgjöf nokkurra réttinda og/eða úrræða lánveitanda samkvæmt samningnum eða lögum. Bréfið sé ritað með fyrirvara um réttindi og úrræði lánveitanda samkvæmt samningnum og almennum lögum. Þá eru áréttaðar skyldur lántaka samkvæmt samningnum.

Stefnandi sendi stefnda C bréf með ábyrgðarpósti sama dag. Þar er, eins og í bréfi til lántakans sem fylgdi með, vísað til samningsins 2. nóvember 2016, hugtakanotkunar og túlkunar hans. Þá er vísað til þess að stefndi sé ábyrgðaraðili samkvæmt samningnum og að samkvæmt grein 17.3 hafi hver ábyrgðaraðili gengist undir óskiptar skuldbindingar

með óafturkræfum og skilyrðislausum hætti sem þar er nánar lýst, þ.e. að ábyrgjast gagnvart lánveitanda stundvíslegar efndir lántaka á öllum skuldbindingum sem njóti ábyrgðar, að lofa lánveitanda að ef lántaki greiði ekki fjárhæð sem sé gjaldkræf muni viðkomandi ábyrgðaraðili tafarlaust þegar þess sé krafist greiða þá fjárhæð eins og hann væri lántakinn og veita lánveitanda skaðleysi tafarlaust þegar þess sé krafist af öllum kostnaði, tjóni eða bótaábyrgð sem kunni að falla á lánveitandann ef einhver skuldbinding eða ábyrgð hans verður óframfylgjanleg, ógild eða ólögmat. Skaðleysisskylda vegna slíks kostnaðar, tjóns eða bótaábyrgðar skuli nema fjárhæðinni sem lánveitandinn hefði ella átt rétt á að endurheimta. Þá er vísað til þess að samkvæmt grein 17.3 í samningnum sé ábyrgðin samfelld og taki til endanlegrar fjárhæðar alls þess sem lántaka beri að greiða samkvæmt samningnum án tillits til hvers konar innáborgana. Þá segir að greiði lántaki ekki innan 10 virkra daga hina útistandandi skuld, sem nemi 1.734.365 sterlingspundum, sé þess krafist að stefndi sem ábyrgðaraðili greiði lánveitanda hina útistandandi skuld og inn á tiltekinn bankareikning. Ekkert í bréfinu skuli fela í sér eftirgjöf nokkurra réttinda og/eða úrræða lánveitanda samkvæmt samningnum eða lögum. Bréfið sé ritað með fyrirvara um réttindi og úrræði lánveitanda samkvæmt samningnum og almennum lögum. Þá eru áréttaðar skyldur lántaka samkvæmt samningnum.

Stefnandi sendi stefnda C bréf með ábyrgðarbréfi 18. janúar 2022 þar sem vísað er í upphaflega lánssamninginn frá mars 2016 og svo síðari samninginn frá 2. nóvember 2016. Þá er einnig vísað til bréfs stefnanda frá mars 2016 til stefnda C sem varðaði það að kæmi til vanefnda af hálfu lántaka fengi stefndi C sem ábyrgðaraðili samkvæmt samningnum rétt til að kaupa allar útistandandi og ógreiddar fjárhæðir samkvæmt samningnum frá mars 2016 og yrði til þess veittur 30 daga frestur. Yrði rétturinn nýttur staðfesti lánveitandi að hann ætti ekki kröfu á hendur honum eða félaginu um leið og endanleg fullnaðargreiðsla bærisk. Óumdeilt er að til þess kom ekki að stefndi C nýtti sér þennan rétt. Í bréfinu frá 18. janúar 2022 er vísað til bréfanna frá 27. september 2021 þar sem lánveitandi lýsti yfir að lánið væri fallið í gjalddaga þar sem félagið hefði ekki staðið skil á gjaldkræfum greiðslum samkvæmt samningnum frá 2. nóvember 2016 og ýmsum öðrum skuldbindingum sem í honum fælust. Með bréfinu var stefnda C veittur réttur, sem áður er lýst, til að kaupa allar fjárhæðir sem væru útistandandi og ógreiddar fyrir fjárhæð sem væri jöfn nafnvirði skuldarinnar sem 2. janúar 2022 næmi 1.786.862 krónum og yrði til þess veittur 30 daga frestur. Óumdeilt er að til þess kom ekki að stefndi nýtti sér þennan rétt.

Meðal gagna málsins er einnig tölvupóstur stefnda C frá 12. desember 2017 til fulltrúa stefnanda sem mun vera ritaður í framhaldi af samtali aðila. Með bréfinu fylgir „yfirlitið um lánið eins og við skildum það“. Vísað er til þess að stefndi C hafi séð annan tölvupóst berast frá fulltrúa stefnanda sem hann hafi ekki átt kost á að skoða en þeir „munu bera saman og stemma við útreikning okkar“ og ef það er einhver munur „þá

munum við leiðrétta tölurnar“. Þá segir að unnið hafi verið að því „að ná tökum á rekstrinum og leiðrétta atriði og ákvarðanir sem voru teknar af strákunum í fortíðinni“. Teymið og reksturinn sé nú að komast í gott jafnvægi. Þá segir að útreikningurinn fylgi í viðhengi en „planið sem við viljum komast að samkomulagi um er að borga 50.000 pund á næstu þremur vikur og byrja síðan að borga mánaðarlega vexti þann 20. hvers mánaðar frá og með janúar þar til við endurfjármögnum reksturinn í framtíðinni. Vinsamlegast ráðfærðu þig við samstarfsaðila þína og kannaðu hvort þetta sé ekki sanngjörn og ásættanleg lausn.“

Ekki liggur fyrir hvort stefnandi svaraði þessum tölvupósti eða hver viðbrögð hans þá voru. Eins og áður er fram komið greiddi lántaki 20.000 sterlingspund 19. mars, 17. apríl og 1. ágúst 2018, þá greiddi hann 60.000 sterlingspund 4. september 2018 og svo 20.000 sterlingspund 30. október og 20. desember 2018. Aðrar greiðslur hafa ekki átt sér stað.

Fram kemur í stefnu að þar sem hvorki hið stefnda félag né stefndu, ábyrgðarmennirnir, hafi greitt kröfu stefnanda þrátt fyrir áskoranir sé stefnanda nauðsyn að höfða mál þetta óskipt á hendur þeim. Um sakarefni málsins gildi ensk lög, sbr. 24. gr. láns-samningsins, en krafa stefnanda grundvallist í meginatriðum á reglunni um skuldbindingargildi samninga.

Eins og áður er fram komið vísaði héraðsdómur máli þessu í heild sinni frá dómi með úrskurði 11. nóvember 2022. Taldi dómurinn að tilgreining stefnanda og almenn tilvísun til meginreglna ensks samningaréttar um skuldbindingargildi samninga og meginreglna ensks kröfuréttar, einkum reglna um ábyrgðir, uppfyllti ekki kröfur laga nr. 91/1991 og gæti ekki talist fullnægjandi sönnunarfærsla um tilvist og efni erlendra réttarreglu. Með úrskurði Landsréttar frá [...] 2023 í máli nr. [...] /2022 var úrskurður héraðsdóms felldur úr gildi. Vísaði rétturinn til þess að ekki væri annað komið fram í málinu en að samningur aðila væri að formi og efni gildur að enskum rétti. Staðhæfing stefnanda um að hann bæri að efni samkvæmt efni sínu væri tæpast annað og meira en tilvísun til þeirrar almennu reglu samninga- og kröfuréttar að samninga bæri að halda, þar með talda samninga um ábyrgðir. Yrði ekki á þessu stigi málsins lagt á stefnanda að sanna frekar tilvist og gildi þeirra erlendu réttarreglna að enskum rétti. Stefndu hefðu sjálfir gengist undir í grein 24.1 í samningnum að ágreiningsefni um framkvæmd samningsins og túlkun skyldi leyst samkvæmt lögum Englands og Wales. Lægi þannig fyrir að þeir hefðu gengist undir að lúta enskum réttarreglum að því er varðaði framkvæmd samningsins og túlkun. Við þær aðstæður yrði talið að tilvísun í stefnu til lagaákvæða og réttarreglna sem krafa stefnanda væri reist á fullnægði áskilnaði ákvæðis f-liðar 1. mgr. 90. gr. laga nr. 91/1991. Landsréttur féllst á með héraðsdómi að málinu yrði ekki vísað frá dómi á þeim grundvelli að málið væri höfðað á röngu varnarþingi,

skilyrði samlagsaðilar væru ekki uppfyllt, eða að ekki væru uppfyllt skilyrði d-, e- og g-liða 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

## II

### Matsgerð um enskan rétt

Í þinghaldi 26. júní 2023 var dómkvaddur lögmaðurinn F til að svara nánar tilteknum spurningum um enskan rétt samkvæmt matsbeiðni stefnanda 24. apríl 2023. Matsbeiðnin, sem er ítarleg, er dagsett 4. apríl 2024 og var lögð fram í þinghaldi 18. apríl 2024 bæði á ensku og í löggiltri þýðingu yfir á íslensku sem vísað verður til hér. Spurningarnar voru eftirfarandi:

1. Hvaða reglur og megingjónarmið gilda að enskum rétti um skuldbindingargildi samninga, þ. á m. og einkum, um skuldbindingargildi lánessamninga og ábyrgðarskuldbindinga í tengslum við lánessamninga?
2. Ef í samningi er kveðið á um að ábyrgðarmaður skuli, ef lántaki efnir ekki greiðsluskuldbindingu sína gagnvart lánveitanda, þegar í stað, að kröfu lánveitanda, greiða útistandandi fjárhæð líkt og hann væri sjálfur lántaki, er, að enskum rétti, unnt að ganga að ábyrgðarmanni þá þegar að lántaki hefur vanefnt kröfuna, þ.e. án tillits til þess hvort lánveitandi hafi reynt frekar að fá kröfuna greidda hjá lántaka?
3. Ef í samningi er mælt til gagnvart ábyrgðarmanni að hann afli sér sjálfstæðrar lögfræðiráðgjafar í tengslum við stofnun skuldbindingar, en hann lætur það hjá líða, hvort og þá hvaða þýðingu getur slíkt haft að enskum rétti með tilliti til gildis ábyrgðarskuldbindingar, þar með talið með hliðsjón af reynslu og þekkingu ábyrgðarmanns?
4. Ef í samningsákvæði er mælt fyrir um að skuldbinding sé „joint and several“, felur slíkt í sér að skuldbinding sé óskipt, þ.e. að hver og einn skuldari beri ábyrgð á allri skuldbindingunni fyrir sitt leyti?

Í umfjöllun um spurningu 1 kemur fram að samkvæmt enskum rétti verði loforð bindandi að lögum að því tilskildu að tilboð og samþykki liggi fyrir og gildi það hvort sem samningurinn er lánessamningur, ábyrgðarsamningur eða annars konar samningur af hvaða tagi sem er. Í þessu tiltekna máli sé loforð fólgið í þeirri skuldbindingu stefnanda að veita hinu stefnda félagi lán samkvæmt ákvæði 2.1 í breytta og endurgerða lánessamningnum frá 2. nóvember 2016 (e. Amended and Restated Facility Agreement) („ARFA-samningnum“). Að áliti matsmanns er umræddur samningur formlegur, bindandi samningur samkvæmt enskum lögum. Samþykki tilboðsins með gagnkvæmum undirskriftum jafngildi tilboði og samþykki og feli í sér gagnkvæm skipti á loforðum í þágu hvors loforðsmóttakanda. Ábyrgðarmennirnir þrír hafi hver um sig undirritað hann sem

ábyrgðarmenn fyrir skuldum hins stefnda félags samkvæmt honum og séu þeir því skuld- bundnir sem ábyrgðarmenn samkvæmt grein 17.1.

Við umfjöllun um spurningu 2 kemur fram að svarið við henni sé „almennt já, ef ekki er til að dreifa sérstöku sammingsákvæði um hið gagnstæða“. Venjulega, að því gefnu að greiðsluskylda aðalskuldara hafi virkjast og sé gjaldkræf, yrði greiðsluskylda ábyrgðarmannsins einnig gjaldkræf og gæti kröfuhafi gengið beint að ábyrgðarmanni án þess að þurfa að reyna að fá kröfuna greidda frá aðalskuldara eða grípa til frekari aðgerða gegn honum. Kröfuhafi hafi að jafnaði óheft val um hvernig og að hverjum hann gengur til að innheimta skuld og krefjast skaðabóta sem hann á rétt á. Ábyrgðarmaður hafi engan rétt til að krefjast þess að kröfuhafi gangi fyrst að aðalskuldara áður en hann gengur að ábyrgðarmanni. Gildi ákvæðis um „aðalskuldara“, sem kveði á um að við vissar aðstæður skuli meðhöndla ábyrgðarmann eins og hann væri aðalskuldarinn, hafi margvísleg áhrif eftir túlkun og samhengi. Stundum geri slíkt ákvæði það að verkum að óþarft er að gera kröfu á hendur ábyrgðarmanni hafi krafa verið gerð á hendur aðalskuldara. Stundum breyti slíkt ákvæði ábyrgðinni í skaðleysisyfirlýsingu sem feli í sér að ekki sé nauðsynlegt að gera kröfur á hendur ábyrgðarmanni. Stundum séu áhrifin þau að nauðsynlegt sé að gera kröfu á hendur aðalskuldara og stundum að nauðsynlegt sé að gera kröfu á hendur ábyrgðarmanni sé nauðsynlegt að gera kröfu á hendur aðalskuldara. Stundum séu áhrifin þau að skýrt sé að greiðsluskylda ábyrgðarmanns sé samsíða greiðsluskylda aðalskuldara þannig að kröfuhafinn eigi rétt á að ganga að ábyrgðar- manninum án þess að neyta fyrst allra úrræða sem hann eigi gagnvart aðalskuldara. Þegar öllu sé á botninn hvolft sé það að hvaða marki ábyrgðarmaður getur þvingað kröfuhafa til að neyta annarra úrræða áður en hann gengur að ábyrgðarmanninum spurning um túlkun og samhengi, en meginreglurnar sem settar séu fram í matsgerðinni muni venju- lega gilda.

Í umfjöllun um spurningu 3 kemur fram að samkvæmt enskum rétti sé grund- vallartilgangur þess að kröfuhafi krefjist þess að ábyrgðarmaður afli óháðrar lögfræði- ráðgjafar um þá ábyrgð sem hann hafi í hyggju að takast á hendur sá að vernda kröfu- hafann gegn hættunni á að ábyrgðinni verði rift á þeim forsendum að ábyrgðarmaðurinn hafi tekist hana á hendur vegna ótilhlýðilegra áhrifa frá aðalskuldaranum eða kröfuhaf- anum. Hætt sé við að dómstóll rifti samningi hafi ábyrgðarmaðurinn verið beittur ótil- hlýðilegum (þ.e. ósanngjörnum) áhrifum (e. undue influence) til að gangast undir hann. Reglan um ótilhlýðileg áhrif sé tvíþætt: eiginleg ótilhlýðileg áhrif, sem felist í augljósum óviðeigandi þrýstingi, og ætluð ótilhlýðileg áhrif, sem skapist vegna sambands tveggja einstaklinga þar sem annar hafi öðlast ákveðin áhrif og yfirburðastöðu gagnvart hinum og nýti sér hana síðan án þess að beita (endilega) einhverjum sérstökum, augljósum sann- færingaraðgerðum. Gefi samband tilefni til að ætla að um áhrif sé að ræða sé það sönn- unaratriði hvort sambandið hafi verið misnotað af aðilanum sem er í áhrifastöðu gagnvart

hinum við öflun ábyrgðarinnar. Hafi samningurinn verið augljóslega óhagstæður þeim sem var undir áhrifum verði að gera ráð fyrir ótilhlýðilegum áhrifum nema hinn aðilinn (venjulega kröfuhafi) geti sannað að í reynd hafi engum áhrifum verið beitt. Viti kröfuhafi, eða ætti að vita út frá staðreyndum sem hann þekki, að ábyrgðarmaðurinn hafi veitt ábyrgðina vegna ótilhlýðilegra áhrifa, eiginlegra eða ætlaðra, þá er hætta á að kröfuhafinn njóti ekki góðs af ábyrgðinni. Af þeirri ástæðu hafi sú venja komist á samkvæmt enskum rétti að bankar krefjist reglulega vottorðs frá óháðum lögmanni þess efnis að hann hafi veitt ábyrgðarmanninum lögfræðiráðgjöf um réttaráhrif ábyrgðarinnar. Það sé þó aðeins nauðsynlegt í þeim tilvikum þar sem eðli sambands aðalskuldara og ábyrgðarmanns gefi tilefni til að ætla að um ótilhlýðileg áhrif sé að ræða. Markmiðið sé að tryggja að samþykki ábyrgðarmanns sé gefið af frjálsum vilja á grundvelli viðeigandi lögfræðiráðgjafar um afleiðingar þess.

Venjulega sé ekki nauðsynlegt fyrir lánveitanda, þegar um ræði lánveitingar og tryggingarráðstafanir sem séu alfarið viðskiptalegs eðlis, að gera ráðstafanir til að verjast áhættunni af því að aðalskuldari beiti eða verði talinn hafa beitt ábyrgðarmanninn ótilhlýðilegum áhrifum. Eigi ábyrgðarmennirnir hagsmuni í viðskiptum aðalskuldara eða beri ábyrgð á stjórnun málefna hans og voru þeir sem öfluðu lánsins upphaflega sé fullkomlega eðlilegt að þeir séu beðnir um að veita ábyrgðir til tryggingar og alls ekki eðlilegt (e. normal) að lánveitandi krefjist þess að þeir afli lögfræðiráðgjafar af þeirri augljósu ástæðu að það eru ábyrgðarmennirnir sem eru í áhrifastöðu yfir örlögum aðalskuldarans, en ekki öfugt.

Í þessu tiltekna máli sé því haldið fram að hver og einn ábyrgðarmannanna sé [tengdur aðalskuldara]. Auk þess hafi matsmaður fengið ákveðnar upplýsingar um tengsl stefnanda og ábyrgðarmannanna sem ekki séu þó allar skýrar og nákvæmar. Hann hafi fengið þær upplýsingar frá lögmanni stefnanda að 21. júní 2016 hafi stefndi C [...] til 29. ágúst 2023. Matsmanni hafi einnig verið tjáð af lögmonnum stefndu að [E] haldi því fram að meirihlutaeigendur stefnanda hafi einnig verið hluthafar í félaginu TBJ 1 Ltd. á þessum tíma.

Matsmaður kveður sér ekki vera ljóst [...] að hvaða marki einhver hluthafi í aðalskuldara gat stjórnað honum þannig að hann hefði getað beitt einhvers konar ótilhlýðilegum áhrifum á ábyrgðarmennina, einn eða fleiri þeirra. Hins vegar virðis ólíklegt, miðað við málsatvikin, eins og matsmaðurinn skilji þau, að nokkurt samband hafi verið á milli aðalskuldara og ábyrgðarmannanna sem hafi verið þess eðlis samkvæmt enskum rétti að það gæti gefið tilefni til að ætla að ótilhlýðileg áhrif hafi verið til staðar sem hefðu í för með sér áhættur sem lánveitandi þyrfti að verja sig gegn. Samkvæmt lögum hefði því ekki verið nauðsynlegt fyrir aðilana að kveða á um að ábyrgðarmennirnir ættu að afla sér óháðrar lögfræðiráðgjafar og sú staðreynd að þeir hafi ekki gert það og að lánveitandi hafi vitað af því geti, að áliti matsmanns, ekki haft lagalega þýðingu Hins

vegar gæti það verið háð því hvort einn ráðandi hluthafi í aðalskuldaranum (eða endanlegur yferráðaaðili hans) hafi verið í aðstöðu til að annast um að aðalskuldarinn beitti slíkum áhrifum á hina ábyrgðarmennina sem ekki voru í slíkri ráðandi stöðu eða höfðu slíka hagsmuni. Sú staðreynd að ábyrgðarmennirnir höfðu hagsmuni af velgengni aðalskuldarans yrði til þess fallin að veða á móti forsendum um ætluð ótilhlýðileg áhrif.

Hins vegar, og í öllu falli, hafi yfirlýsingin í ábyrgðinni, sem birtist fyrir neðan undirskrift hvers ábyrgðarmanns, um að með því að gangast undir ábyrgðina gæti ábyrgðarmaðurinn orðið ábyrgur í stað eða til viðbótar lántakanum, verið rétt samkvæmt enskum rétti af þeim ástæðum sem að framan greini. Þar sem sambandið sé þess eðlis að ólíklegt sé að ætluðum ótilhlýðilegum áhrifum sé til að dreifa væri líklegt að dómstóll liti einfaldlega svo á að viðeigandi væri (e. simply as relevant) að vekja athygli ábyrgðarmannanna með þessum hætti á þeirri lagalegu áhættu sem þeir væru að takast á hendur.

Við umfjöllun um spurningu 4 kemur fram að svarið við henni sé „já“. Óskipt ábyrgð (e. joint and several liability) stofnist þegar tveir eða fleiri aðilar í sama gerningi lofa sameiginlega að gera það sama og veita einnig aðskilin loforð um að gera það sama. Óskipt ábyrgð leiði til einnar sameiginlegrar skuldbindingar og eins margra einstakra skuldbindinga og óskiptu loforðin eru. Í samhengi við skuldbindingu ábyrgðarmannanna samkvæmt grein 17.1 í ARFA-samningnum taki ábyrgð hvers ábyrgðarmanns til heildarfjárhæðar skuldarinnar sem njóti ábyrgðar. Það þýði að hægt sé að höfða mál á hendur hverjum þeirra fyrir allri skuldinni en með þeim fyrirvara að kröfuhafinn geti ekki endurheimt meira en 100%. Hver ábyrgðarmaður samkvæmt ARFA-samningnum, eftir að hafa greitt höfuðstólsfjárhæðina sem stefnandi átti tilkall til, ætti, samkvæmt sanngirnisreglu um framlag, rétt á að ganga að hinum sem ekki greiddu og krefja þá um hlutfallslegt framlag þeirra. Greiði einn ábyrgðarmaður t.d. heildarfjárhæð útistandandi skuldar eigi hann þannig rétt á að krefjast þriðjungs heildarfjárhæðarinnar frá hinum ábyrgðarmönnum sem ekki greiddu.

### III

#### Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir kröfu sína gagnvart hinu stefnda félagi á greiðsluskyldu þess samkvæmt lánessamningi frá 2. nóvember 2016 en fyrir liggir að stefnandi hafi fengið greidd 897.378 sterlingspund á grundvelli hans. Stefndu hafi hins vegar afar lítið greitt af láninu, og ekkert eftir 20. desember 2018, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir þar um. Stefnandi byggir kröfu sína gagnvart stefndu C, D og E á sjálfskuldarábyrgð þeirra á öllum skuldbindingum hins stefnda félags við stefnanda samkvæmt ákvæðum lánessamningsins eins og þeir væru sjálfir lántakar.

Um stefnufjárhæð kemur fram í stefnu að á upphaflegan höfuðstól lánsins að fjárhæð 897.378 sterlingspund hafi stefnandi í samræmi við ákvæði samningsins fyrstu fjóra mánuðina, á meðan á vaxtauppsöfnunartímabilinu hafi staðið, reiknað vexti sem

námu 1,75% á mánuði af upphaflegum höfuðstól og hafi þeir lagst við höfuðstól skuld- arinnar. Vextir þannig reiknaðir hafi numið 15.704 sterlingspundum á mánuði. Á vaxta- greiðslutímabilinu, sem hafi átt að ná til næstu fimm mánaða, hafi stefnandi reiknað sömuleiðis 1,75% vexti af upphaflegum höfuðstól lánsins. Þeir vextir hafi átt að koma til greiðslu en þær vaxtagreiðslur hafi ekki verið inntar af hendi. Stefnandi hafi því dráttar- vaxtaálag (e. default margin) sem hafi numið 0,2% á mánuði af upphaflegum höfuðstól. Vextir ásamt dráttarvaxtaálagi þannig reiknað hafi numið alls 17.499 sterlingspundum á mánuði og hafi þeirri fjárhæð verið bætt við höfuðstól lánsins mánaðarlega. Stefnandi hafi notað þessa aðferð áfram við útreikning vaxta. Greiðslur hafi borist frá hinu stefnda félagi með eftirfarandi hætti, 19. mars, 17. apríl, 1. ágúst, 30. október og 20. desember 2018 sem hver um sig hafi verið að fjárhæð 20.000 sterlingspund, og þann 4. september 2018 hafi borist greiðsla að fjárhæð 60.000 sterlingspund. Í þau skipti sem greiðslur bárust hafi ekki verið reiknað dráttarvaxtaálag fyrir þann mánuð og greiðslunni ráðstafað á móti vaxtagreiðslu þess mánaðar og eftirstöðvunum til lækkunar á höfuðstól lánsins. Þegar stefnandi gjaldfelli eftirstöðvar lánsins þann 27. september 2021 hafi höfuðstóll numið 1.748.948 sterlingspundum, sem sé stefnufjárhæð málsins. Stefnandi leggur fram útreikninga máli sínu til stuðnings. Bendir hann á að svo virðist sem hið stefnda félag hafi beitt sömu eða svipaðri aðferð í sínum útreikningum eins og fram komi í tölvupósti frá 12. desember 2017 og stöðuyfirliti sem honum hafi fylgt þar sem félagið reiknar þó vexti af höfuðstól skuldarinnar í lok vaxtauppsöfnunartímabilsins, en ekki af upphaf- legum höfuðstól líkt og stefnandi geri.

Stefnandi kveður að ábyrgð hinna stefndu ábyrgðarmanna hafi verið ótímabundin og skilyrðislaus, sbr. m.a. 17. gr. lánessamningsins. Ábyrgðin hafi m.a. falið í sér að ábyrgðarmennirnir ábyrgðust gagnvart lántaka stundvíslegar efnir á öllum skuldbind- ingum samkvæmt fjármögnunarskjölunum, þ.e. lánessamningnum og tryggingarskjölum, og lofuðu að ef lántaki greiddi ekki fjárhæð sem gjaldkræf væri orðin myndu þeir tafar- laust, þegar þess væri krafist, greiða slíka fjárhæð eins og þeir væru lántakinn, sbr. grein 17.1 í samningnum. Samkvæmt grein 17.2 hafi ábyrgðarmönnum borið að afhenda lánveitanda staðfestingarvottorð frá lögmanni hvers þeirra um að þeir hafi fengið við- eigandi, óháða lögfræðiráðgjöf, en form að slíku vottorði hafi verið að finna í viðauka 3 við lánessamninginn. Ábyrgðarmennirnir virðist þó hafa látið undir höfuð leggjast að afhenda slíkt vottorð. Hins vegar hafi verið að finna, við undirritun þeirra undir láns- samninginn, áminningu um að með því að undirgangast ábyrgðina kynnu ábyrgðarmenn að verða ábyrgir, í stað eða ásamt lántaka, og að þeir ættu að leita óháðrar lögfræði- ráðgjafar áður en þeir gengjust í ábyrgðina.

Stefnandi kveður greiðslur lántaka, hins stefnda félags, hafa borist bæði seint og illa og samninginn farið strax í vanskil. Fyrsta greiðslan hafi ekki borist fyrr en í mars 2018 að fjárhæð 20.000 sterlingspund en þá hafi þegar verið liðið vel á annað ár frá

undirritun lánessamningsins. Síðar sama ár hafi lántaki greitt fimm greiðslur til viðbótar og hafi greiðslur hans numið alls 160.000 sterlingspundum. Frekari greiðslur hafi ekki borist. Stefnandi kveðst af og til hafa verið í sambandi við stefndu bæði formlega og óformlega eftir að lánið hafi verið veitt.

Bréf hafi verið sent hinu stefnda félagi 30. apríl 2019, sem einnig hafi verið stílað á ábyrgðarmennina, þar sem fram hafi komið að þótt einhverjar greiðslur hefðu átt sér stað væru þær mun lægri en lánessamningurinn kvæði á um. Skuldin hafi á þessum tíma numið alls 1.242.602 sterlingspundum. Auk greiðsludráttar hafi verið bent á aðrar vanefndir á skyldum lántaka sem fælu í sér vanefndatilvik samkvæmt ákvæðum samningsins og skorað á stefndu að bæta þar úr. Meðfylgjandi bréfinu hafi verið að finna yfirlit yfir skuld stefndu við stefnanda og grundvöll útreiknings stefnanda á skuldinni.

Þá hafi bréf verið sent ábyrgðarmönnum, stefndu C, D og E, 14. október 2019. Þar hafi m.a. verið vísað til bréfsins frá 30. apríl s.á. og tekið fram að engar greiðslur hefðu borist frá þeim tíma en síðasta greiðsla hefði borist þann 20. desember 2018. Áskildi stefnandi sér af þessum sökum allan rétt samkvæmt lánessamningnum.

Af hálfu stefnanda er greint svo frá að haustið 2021 hefðu enn engar frekari greiðslur borist og hefði bréf verið sent hinu stefnda félagi 27. september 2021 þar sem því hafi verið lýst yfir, í samræmi við grein 13.19, að lánið væri allt gjaldfellt og gerð krafa um greiðslu allrar skuldarinnar innan 10 viðskiptadaga og tekið fram að skuldin hefði 2. september það ár numið 1.734.365 sterlingspundum. Sama dag hafi bréf verið sent stefnda C þar sem vísað hafi verið til ábyrgðar hans samkvæmt lánessamningnum og hann krafinn um greiðslu skuldarinnar. Þegar stefnandi hafi gjaldfellt lánið 27. september 2021 hafi höfuðstóll þess numið 1.748.948 sterlingspundum, sem sé stefnufjárhæð málsins.

Rétt sé að geta þess að stefnandi hafi lýst því yfir gagnvart stefnda C í mars 2016 að ef til nánar tilgreindra vanefnda kæmi af hálfu hins stefnda félags yrði honum veittur réttur til þess að kaupa kröfu stefnanda á hendur félaginu á nafnverði, með áföllnum vöxtum og kostnaði, og veittur 30 daga frestur til þess að nýta sér þann rétt. Meðan sá frestur væri að líða myndi stefnandi ekki grípa til neinna innheimtuaðgerða gagnvart stefnda C. Með bréfi 18. janúar 2022 hefði stefnda C, með vísan til framangreindrar yfirlýsingar stefnanda, verið gefinn kostur á að kaupa kröfu stefnanda innan tilskilins frests. Bréfið hefði verið afhent stefnda C 25. janúar 2022, en hann hefði ekki tilkynnt stefnanda að hann hygðist nýta sér framangreindan rétt og af því varð ekki.

Til sönnunar fjárkröfu sinni á hendur stefndu vísar stefnandi til lánessamningsins auk yfirlits yfir stöðu lánsins á hverjum tíma þar sem sjáist allar inn- og útborganir á lánið, vaxtafærslur og staða skuldarinnar. Stefndu hafi fengið áskoranir um greiðslu og grundvöll kröfunnar án þess að hafa gert athugasemdir hvað varðar tilvist eða útreikning hennar. Kröfu um dráttarvexti kveðst stefnandi styðja við ákvæði 6. gr. lánessamningsins.

Stefnandi kveðst enn fremur, kröfu sinni til stuðnings, vísa til meginreglna ensks samningaréttar um skuldbindingargildi samninga og meginreglna ensks kröfuréttar, einkum reglna um ábyrgðir, en lánessamningurinn, þ.m.t. ákvæði um skyldur ábyrgðarmanna, lúti enskum lögum. Stefnandi hafi undir rekstri málsins aflað matsgerðar um enskan rétt. Matsgerðin sé ítarleg og þar komi skýrt fram í umfjöllun um spurningu 1 að um sé að ræða formlega bindandi samning að enskum lögum og stefndu, C, D og E, séu skuldbundnir sem ábyrgðarmenn samkvæmt grein 17.1. Í umfjöllun um spurningu 2 í matsgerð komi fram að svarið við henni sé almennt „já“ ef ekki sé til að dreifa sérstöku samningsákvæði um hið gagnstæða. Stefnandi tekur fram að ekkert slíkt sé uppi í þessu máli og ákvæði samningsins séu skýr. Venjulega, að því gefnu að greiðsluskylda aðalskuldara hafi virkjast og sé gjaldkræf, yrði greiðsluskylda ábyrgðarmannsins einnig gjaldkræf og gæti kröfuhafi gengið beint að ábyrgðarmanni án þess að þurfa að reyna að fá kröfuna greidda frá aðalskuldara eða grípa til frekari aðgerða gegn honum þar sem kröfuhafi hafi að jafnaði óheft val um hvernig og að hverjum hann gangi til innheimtu skuldarinnar. Þá sé ljóst af umfjöllun matsmanns í spurningu 3 um ákvæði í lánessamningi um að ábyrgðarmaður afli sér lögfræðilegrar ráðgjafar, líkt og sé í samningnum í þessu máli, að það sé á ábyrgð ábyrgðarmannanna og það að slíkrar ráðgjafar sé ekki aflað leiði ekki til þess að ábyrgðin falli niður og það hafi því engin áhrif á greiðsluskyldu ábyrgðarmannanna að ráðgjafarinnar hafi ekki verið aflað. Að mati matsmanns bendi ekkert í málinu til þess að hinir stefndu ábyrgðarmenn hafi verið undir „ótilhlýðilegum áhrifum“ lántakans við veitingu ábyrgðarinnar, heldur bendi gögn málsins til þess að ábyrgðarmennirnir hafi notið góðs af lánveitingunni enda tengdir félaginu. Í umfjöllun um spurningu 4 um inntak skuldbindingar sem sé „joint and several“ komi fram í matsgerð að það feli í sér að skuldbindingin sé óskipt, þ.e. að hver og einn skuldari beri ábyrgð á allri skuldbindingunni fyrir sitt leyti. Í samhengi við skuldbindingu ábyrgðarmannanna samkvæmt grein 17.1 í ARFA-samningnum taki ábyrgð hvers ábyrgðarmanns til heildarfjárhæðar skuldarinnar sem njóti ábyrgðar.

Stefnandi telur ljóst að matsgerðin styðji málalátun hans gagnvart stefndu. Í henni sé skýrt tekið fram að sá samningur sem krafa stefnanda byggist á sé lögmætur og skuldbindandi fyrir stefndu. Þá sé í matsgerðinni fjallað um þau atriði sem stefndu settu fram í greinargerð sinni um að þeim hafi ekki verið kynnt staða sín sem ábyrgðarmanna að enskum rétti og hvaða þýðingu það hafi að þeir hafi ekki aflað sér lögfræðilegrar ráðgjafar, að ganga þurfi fyrst að aðalskuldara áður en gengið sé að ábyrgðarmanni og að skylda ábyrgðarmanna sé ekki „in solidum“. Niðurstaða matsmanns styðji sjónarmið stefnanda og sjónarmiðum stefndu beri því að hafna.

Málið sé í grunninn einfalt innheimtumál sem stefndu hafi leitast við að flækja á alla vegu. Lán hafi verið veitt en lítið greitt. Alveg sé ljóst að krafa stefnanda á hendur

bæði aðalskuldara og ábyrgðarmanna byggist á lögmætum og gildum samningi, skuldbindingar allra stefndu séu skýrar, greiðsluskylda fyrir hendi, réttilega hafi verið staðið að tilkynningum til aðalskuldara og ábyrgðarmannanna sem hafi þannig verið upplýstir um vanefndir aðalskuldarans sem nægði, án frekari tilkynninga eða aðvarana, til ábyrgðarmannanna og án frekari tilrauna til að innheimta skuldina hjá lántaka. Þá geti hinir stefndu ábyrgðarmenn ekki borið fyrir sig vanþekkingu á enskum lögum eða að þeir hafi ekki vitað hvað í undirritun þeirra fólst. Slíkt sé á skjön við það sem fram komi í samningnum og áréttað sé við undirritanir þeirra á samningnum, auk þess sem hinir stefndu hafi haft tengsl við hið stefnda félag í gegnum [...].

Stefnandi byggir á því að engar lagareglur eigi við um málsatvik sem takmarki með nokkrum hætti ábyrgð eða greiðsluskylda stefndu. Telji stefndu að svo sé standi það upp á þá að afla sönnunar þar að lútandi, ekki stefnanda, eins og fram komi í úrskurði Landsréttar nr. [...] /2022 þegar fjallað hafi verið um frávísunarþátt málsins. Þetta hafi stefndu ekki gert og verði að bera hallann af því en auk þess sé krafa stefnanda skýr sem og greiðsluskylda allra stefndu.

Stefnandi hafnar sjónarmiðum stefndu um vaxtaákvæði samningsins sem sett hafi verið fram við munnlegan málflutning sem of seint fram komnum enda hafi þær ekki komið fram í greinargerð. Enginn tölulegur ágreiningur hafi verið settur fram í greinargerð, hvorki varðandi höfuðstól eða vexti. Auk þess komi skýrlega fram í stefnu hvernig þetta sé reiknað. Þá verði ekki annað séð en að stefndi C hafi í samskiptum við fulltrúa stefnanda 12. desember 2017 byggt tillögu sína um uppgjör á svipuðum útreikningum. Enginn hinna stefndu hafi nokkru sinni gert athugasemdir við höfuðstól skuldarinnar eða vaxtaútreikninga.

Sjónarmið um mismunandi stöðu aðila fyrir og eftir samningsgerð og að samningurinn hafi verið einhliða saminn af stefnanda séu einnig of seint fram komin en auk þess liggja ekkert fyrir um þetta í málinu og stefndu hafi ekki reynt að færa sönnur á að atvik hafi verið með þeim hætti. Sama verði sagt um þá málsástæðu að ábyrgð stefndu hafi ekki verið virkjuð með tilkynningum í samræmi við b-lið 1. mgr. 17. gr. um greiðslu „on demand“ og 23. gr. samningsins eða að stefndu hafi ekki verið upplýstir um vanefndir lántaka. Það sé beinlínis rangt hjá stefndu að þeir hafi ekki verið krafðir um skuldina eða upplýstir um stöðuna. Þetta komi skýrt fram í bréfum frá 30. apríl og 14. október 2019. Þá verði að líta svo á að málshöfðun feli í sér slíka kröfu. Þá sé í greinargerð ekki vikið að reglum laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar en í málflutningi hafi stefndi vísað til 1. og 2. mgr. 7. gr. laganna og talið að beita ætti ófrávíkjanlegum reglum íslensks réttar í málinu, einkum 4., 5. og 7. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn, og víkja ábyrgð stefndu til hliðar án þess þó að reifa umrædd ákvæði nokkuð frekar. Engan rökstuðning um réttarvernd á grundvelli ófrávíkjanlegra lagaákvæða sé að finna í greinargerð. Geti framangreind lagaákvæði ekki komið til neinna álita í málinu. Þá hafnar

stefnandi því að beita beri 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga í málinu en auk þess hafi stefndu ekki sýnt fram á að skilyrði þess ákvæðis hafi verið fyrir hendi í málinu.

Mál þetta sé í raun einfalt. Samkvæmt skýrum ákvæðum lánessammingsins liggja fyrir að hið stefnda félag hafi fengið fé að láni hjá stefnanda og að stefndu hafi gengist í sjálfskuldarábyrgð fyrir skilvísium greiðslum og vanefndum aðalskuldara. Lánið sé í vanskilum, stefndu hafi verið upplýstir um það í samræmi við ákvæði sammingsins og að kröfu stefnanda beri stefndu að standa honum skil á greiðslu skuldarinnar. Stefnandi hafnar öllum sjónarmiðum sem stefndu haldi fram um frávísun málsins ex officio. Um þetta hafi Landsréttur þegar fjallað, málalíbúnaður stefnanda hafi ekki þá verið talinn þess eðlis að frávísun varðaði og sé heldur ekki nú.

Stefndu vísa um kröfu um málskostnað til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Stefnu áréttu að horfa verði til matskostnaðar í málinu auk kostnaðar af málflutningi um frávísunarkröfu stefndu.

#### IV

##### Málsástæður og lagarök stefndu

Stefndu taka fram um málsatvik að stefndi, Tommi's Burger Joint Ltd., sé félag með takmarkaða ábyrgð, skráð í Bretlandi. Aðrir stefndu séu einstaklingar sem á sínum tíma hafi tengst rekstri félagsins í gegnum [...]. Enginn þeirra, utan stefnda C, sé tengdur félaginu í dag. Við fjármögnun félagsins árið 2016 hafi stefndu, C, D og E, gengist undir ábyrgð samkvæmt ódagsettum lánessamningi við stefnanda sem liggja fyrir í málinu. Óumdeilt sé að lánessamningurinn, sem sé á ensku og fari eftir enskum lögum samkvæmt efni sínu, hafi verið útbúinn einhliða af lögmonnum stefnanda. Tilgangur lánsins virðist hafa tengst breytingum á eignarhaldi á hinu stefnda félagi en engin grein sé þó gerð fyrir því í stefnu.

Ákvæði um ábyrgð ábyrgðarmannanna sé að finna í 17. gr. sammingsins en þar segi m.a. að um svokallaða „continuing“ ábyrgð sé að ræða. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á það í málinu hvað felist í slíkri ábyrgð. Þá sé þar gert ráð fyrir því að fyrir liggja staðfesting lögmanns um að óháð og viðeigandi lögfræðiráðgjöf hafi verið veitt ábyrgðarmönnum en óumdeilt sé að slík staðfesting liggja ekki fyrir. Þá sé staðhæft í stefnu að ekkert hafi verið greitt af láninu samkvæmt hinum ódagsetta lánessamningi og því hafi verið gerður „breyttur og endurgerður lánessamningur“ 2. nóvember 2016. Tilgangur þess láns virðist hafa verið sá sami og fyrra lánsins og ákvæði um ábyrgð ábyrgðarmannanna þau sömu. Eins og við fyrri lánstöku virðist ekki hafa verið gerður nokkur reki að því að ábyrgðarmennirnir nytu óháðrar viðeigandi lögfræðiráðgjafar við sammingsgerðina og ekki útskýrt í stefnu hvaða þýðingu það hafi að enskum rétt að það hafi ekki verið gert. Stefnu taki fram að ábyrgðarmennirnir hafi ekki beinan hag haft af lánveitingunni til hins stefnda félags. Þá komi heldur ekki fram í stefnu um hvers konar ábyrgð sé í raun

að ræða að enskum rétti eða hvaða áhrif það hafi að enskum rétti að ábyrgðarmennirnir hafi ekki notið óháðrar lögfræðilegrar ráðgjafar við samningsgerðina. Stefnu benda á að greiðslu- og vaxtakjör séu tíunduð í stefnu og síðan tekið fram að greiðslur hafi borist seint og illa. Ekkert komi fram um það hvaða áhrif það hafi að enskum rétti að þeir hafi ekki verið upplýstir sérstaklega um vanefndir lántaka. Í greinargerð komi fram að óljóst sé af stefnu hver eigi að hafa fengið lánsfjárhæðina greidda en við munnlegan málflutning var fallið frá þessari málsástæðu. Enn skorti þó upplýsingar um og sönnun fyrir því að lögvarin krafa hafi stofnast gagnvart hinum stefndu ábyrgðarmönnum samkvæmt samningnum.

Stefnu benda á að þrátt fyrir að Landsréttur hafi gert héraðsdómi að taka málið til efnislegrar meðferðar sé málið enn það óljóst að dómara beri að vísa því frá af sjálfdáðum. Máltilbúnaður stefnanda sé enn því marki brenndur að í stefnu geri hann ekki grein fyrir þeim ensku réttarreglum sem hann byggir kröfu sína á heldur leitist við að vísa almennt til slíkra reglna án þess að reifa efni og beitingu þeirra að nokkru leyti. Þetta hafi komið niður á vörnum stefndu. Þrátt fyrir að stefnandi hafi svo aflað matsgerðar undir rekstri málsins hafi máltilbúnaður hans ekki skýrst heldur þvert á móti orðið óljósari enda sé matsgerðin óljós um efni og beitingu erlendra réttarreglna sem við geti átt. Sérstaklega eigi það við um niðurstöðu matsmanns um hvort um einfalda ábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð ábyrgðarmannanna sé að ræða, skilyrði um fullnustu gagnvart aðalskuldara og skyldu kröfuhafa til að gera sérstaka kröfu á hendur ábyrgðarmönnum. Niðurstaðan hvað það síðastnefnda varðar sé hvað óljósust því hún sé sú að það fari eftir „túlkun og samhengi“ hvort gera þurfi sérstaka kröfu á hendur ábyrgðarmönnum án þess að gerð sé nánari grein fyrir þessu. Slíkt sé heldur ekki reifað í stefnu og málið því enn jafn vanreifað og við þingfestingu þess. Stefnanda hafi láðst að reifa viðeigandi erlendar lagareglur í stefnu og beitingu þeirra og hafi leitast við að leggja fram slíkan rökstuðning í formi matsgerðar eftir að stefndu höfðu skilað inn vörnum í málinu. Matsgerðin skýri því ekki málgrundvöllinn nánar heldur raski honum í raun sem sé í andstöðu við meginreglu 95. gr. og 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991. Málið sé enn í þeim búningi að mati stefndu að því verði að vísa frá dómi. Vaxtakrafan sé enn sem fyrir óljós og vanreifuð.

Stefnu telja að krafa stefnanda og þau gögn sem liggi fyrir í málinu, og eigi að vera að baki henni, eigi sér enga stoð og því beri að sýkna alla stefndu. Þá sé óljóst af ákvæðum samningsins hvers eðlis ábyrgðin sé. Meint krafa stefnanda verði ekki byggð á þeim lánsamningi sem hann vísi til og öll gögn skorti svo hægt sé að skera úr um að krafan sé yfir höfuð til og lögvarin. Stefnu, sem ábyrgðarmenn, telji jafnframt að engin skilyrði séu uppfyllt að enskum rétti svo að sækja megi þá með þeim hætti sem stefnandi geri í málinu. Stefnu hafi aldrei verið kynnt staða sín sem ábyrgðarmanna að enskum rétti, þeir hafi ekki notið aðstoðar lögmanns heldur hafi skjalið verið útbúið og lagt fyrir

þá af lögmanni stefnanda. Stefnu áréttu að meint krafa stefnanda á hendur ábyrgðarmönnum sé ekki rökstudd með sjálfstæðum hætti nema þá með tilvísun til ótilgreindra enskra réttarreglna um ábyrgðir. Ekkert í framlögðum gögnum eða stefnu málsins tengi ábyrgðarmennina á nokkurn annan hátt við hina umþrættu endurgreiðslu lánsins né heldur hið stefnda félag við meinta skyldu ábyrgðarmannanna. Telji ábyrgðarmennirnir augljóst að ganga þurfi fyrst að aðalskuldara áður en þeir verði krafðir um greiðslu og engin lagaskilyrði séu til þess að hafa uppi óskipta kröfu á hendur þeim „in solidum“, hvort heldur sem er að enskum eða íslenskum rétti. Beri því allt að einu að sýkna stefnu ábyrgðarmennina þegar af þeim sökum.

Að þessu frágengnu vísa stefnu til þess að ábyrgð stefnu ábyrgðarmannanna sé ógildanleg á grundvelli 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936, enda verði að telja það ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að bera fyrir sig lánsamninga þá sem stefnandi hafi lagt fram í málinu með þeim hætti sem gert sé. Jafnframt liggi fyrir að aðstaða samningsaðila hafi verið með eindæmum ójöfn, ekki síst í tilviki hinna stefnu ábyrgðarmanna sem ekki hafi notið aðstoðar lögmannna við samningsgerðina sem fram hafi farið á erlendu máli í erlendri lögsögu. Óumdeilt sé að engin slík yfirlýsing um að þeir hafi notið lögfræðilegrar ráðgjafar fyrir samningsgerðina hafi legið fyrir. Þeir hafi í raun fengið mjög takmarkaðar upplýsingar við samningsgerðina um það hvað í samningnum fólst sem sé í andstöðu við ákvæði laga nr. 32/2009. Vísaði lögmaður stefnu um þetta í málflutningi til 4., 5. og 7. gr. laganna.

Að mati stefnu beri því að víkja samningnum til hliðar að fullu eða að hluta eða nýta heimild í 1. mgr. 36. gr. um að breyta ákvæðum hans, hið minnsta að því er varði meinta óskipta greiðsluskyldu stefnu, sem stefnu vitaskuld hafni. Þá vísi stefnu til meginreglna samningaréttar um tillitsskyldu samningsaðila. Þá sé og byggt af hálfu stefnu á ófrávíkjanlegum skilyrðum laga nr. 32/2009 verði talið að íslensk lög eigi að einhverju leyti við um ágreininginn, svo sem stefnandi byggir sjálfur á. Í öllu falli samræmist kröfugerð stefnanda „ekki íslenskri lagahefð og lagaskilareglum“. Bersýnilega ósanngjarnt sé af stefnanda og andstætt góðri viðskiptavenju að bera samninginn fyrir sig. Ljóst sé að stefnu hafi ekki verið eigendur hins stefnda félags heldur hafi það verið íslenskt hlutafélag, TBJ ehf. Þá hafi stefnu ekki heldur verið stjórnendur í því þótt hugsanlega hafi hlutverk stefnda C verið eitthvað meira en hinna tveggja.

Í málsgrein 3.5 í stefnu sé vísað til „meginreglna ensks samningaréttar um skuld-bindingargildi samninga og meginreglna ensks kröfuréttar, einkum reglna um ábyrgðir, en lánsamningurinn, þ.m.t. ákvæði um skyldur ábyrgðarmanna, lúti enskum lögum sem fyrir greinir. Stefnandi byggir þannig á því að engar lagareglur eigi við um málsatvik sem takmarki með nokkrum hætti greiðsluskyldu stefnda TBJ eða stefnu C, D og E.“ Í stefnu sé engin grein gerð fyrir þessum atriðum. Stefnu telji þvert á móti að enskar lagareglur takmarki greiðsluskyldu stefnu. Stefnu byggja á því að hvorki framlögð gögn né

enskar lagareglur leiði til nokkurs konar greiðsluskyldu af hálfu stefndu. Áréttað sé að stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir kröfum sínum og stefndu byggja á að sú sönnunarbyrði sé ekki uppfyllt í málinu.

Við munnlegan málflutning var það áréttað af hálfu stefndu að þeir hafi ekki haft neinar forsendur til að átta sig á eðli skuldbindingar sinnar og hvaða reglur giltu um hana. Augljós aðstöðumunur hafi verið milli stefndu ábyrgðarmannanna og stefnanda sem hafi verið erlendur lánveitandi sem algerlega hafi haft það í hendi sér hverjum hann beindi kröfum að, hvernig og hvort hann myndi ganga að öðrum tryggingum eða ekki. Á þessu byggi svo dómkröfur stefnanda, að hann hafi ekki þurft að ganga að neinum öðrum tryggingum, ekki þurft að láta stefndu ábyrgðarmennina einu sinni vita hvort hann ætlaði að gera það og af hverju hann gerði það ekki. Var það áréttað af hálfu stefndu að þeir telji málið snúast um að krafa stefnanda sé ekki lögvarin og að greiðsluskylda ábyrgðarmannanna hafi ekki orðið virk samkvæmt efni sínu þar sem þeir hafi ekki verið upplýstir um vanefndir aðalskuldara og ekki sett fram krafa á hendur þeim um greiðslu skuldarinnar „on demand“ eins og segi í 17. gr. samningsins. Þeim hafi einungis verið sent eitt bréf þar sem upplýst hafi verið um einhverjar vanefndir lántaka. Stefndu mót-mæla því að málshöfðun sem slík geti talist slík krafa „on demand“ og þar með sé 17. gr. samningsins uppfyllt. Stefndi, Tommi's Burger Joint, hafi nánast verið í samfelldri vanefnd frá upphafi eftir því sem stefnandi sjálfur segir eða frá því að samningurinn var undirritaður í lok árs 2016 og á sama tíma hafi vextir hrannast upp. Upphafleg samningsfjárhæð hafi verið 800–900.000 pund en dómkrafa stefnanda sé tvöfalt hærri, bara að höfuðstól. Á öllu þessu tímabili fái stefndu bara eina tilkynningu frá stefnanda, árið 2019, um að aðalskuldari sé í alls kyns vanefndum, allt frá einstaka afborgunum til þess að hafa ekki skilað inn gögnum á borð við ársreikninga og fjárhagsáætlanir. Þessu fylgi almennur áskilnaður um að til greina geti komið að gjaldfella lánið. Það sé svo ekki gert næstu tvö árin. Ábyrgðarmennirnir hafi því ekki getað áttað sig á hvers konar kröfu yrði beint að þeim þremur árum seinna með birtingu stefnu. Stefndi hafi ekki nýtt sér að ganga að öðrum tryggingum eða freistað þess að ganga að aðalskuldaranum sem á þessum tíma hafi verið í fullum rekstri. Stefndu hafi engra réttinda notið sem ábyrgðarmenn, hvorki samkvæmt íslenskum lögum sem beri að horfa til við úrlausn málsins né heldur þeirra réttinda sem kveðið var á um í ákvæðum samningsins.

Í málflutningi vísaði lögmaður stefndu sérstaklega til þess að samkvæmt 1. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/2000 væri ekki bara heimilt heldur beinlínis skylt að beita ófrávíkjanlegum reglum íslenskra laga þrátt fyrir að erlend lög komi annars til álita í málinu. Þegar metið sé hvaða ófrávíkjanlegu reglum skuli beita beri að horfa til eðlis þeirra, tilgangs þeirra og afleiðinga af því að beita þeim ekki. Það eigi sannarlega við í þessu máli að beita ófrávíkjanlegum reglum um rétt einstaklinga sem ábyrgðarmanna og ógildingarreglur samningaréttar um sanngirni og heiðarleika.

Varakrafa stefndu um lækkun dómkrafa styðjist við allar sömu málsástæður og greini hér framar.

Stefndu vísa um kröfu um málskostnað til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Þá reisa þeir kröfur sínar á 19., 25., 44. og 80. gr. þeirra laga. Þeir vísa jafnframt til ákvæða laga nr. 7/1936, einkum 36. gr.

#### IV

##### Niðurstaða

Í máli þessu gerir stefnandi kröfu á hendur stefndu óskipt um greiðslu tiltekinnar fjárhæðar með nánar tilgreindum dráttarvöxtum eins og fram kemur í stefnu og þar er nánar útlistað. Krafa stefnanda er reist á lánessamningi frá 2. nóvember 2016 þar sem stefndi, Tommi's Burger Joint Ltd., fékk að láni fé frá stefnanda og hann hefur lofað að standa skil á samkvæmt þeim skilmálum sem þar koma fram og þegar hafa verið ítarlega raktir. Í málinu er deilt um greiðsluskyldu hins stefnda félags sem lántaka og aðalskuldara á grundvelli lánessamningsins og um greiðsluskyldu stefndu C, D og E á grundvelli ábyrgðarskuldbindingar samkvæmt samningnum.

Stefnandi byggir á því í málinu að hvorki hið stefnda félag né hinir stefndu ábyrgðarmenn hafi greitt kröfur samkvæmt samningnum þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir þar um og vísar til einstakra ákvæða samningsins um skyldur hvers og eins hinna stefndu. Greiðsluskylda stefndu sé því ljós. Stefndu hafna því að lögmæt krafa hafi stofnast á hendur þeim, þeir telja grundvöll kröfunnar óljósan og að krafan verði ekki byggð á fyrirliggjandi lánessamningi. Þá hafa þeir byggt á því að þeim hafi ekki verið kynnt staða sín að enskum rétti sem ábyrgðarmanna og þá hafi þeir ekki notið lögfræðilegrar ráðgjafar þrátt fyrir ákvæði samningsins þar um. Jafnframt sé óljóst hvað felist í ábyrgð hinna stefndu ábyrgðarmanna, þeir hafi ekki verið upplýstir um vanefndir lántaka og þá telja þeir að stefnanda hafi borið að ganga fyrst að aðalskuldaranum áður en gengið væri að ábyrgðarmönnum. Stefndu telja einnig að staða aðila hafi verið ójöfn í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936 og að samningnum beri að víkja til hliðar að fullu eða að hluta. Vísa þeir einnig almennt til laga nr. 32/2009.

Eins og þegar er fram komið var máli þessu vísað frá dómi með úrskurði 11. nóvember 2022 sem Landsréttur felldi úr gildi með úrskurði sínum [...] 2023 í máli nr. [...] /2022. Hefur þegar verið gerð grein fyrir efni framangreindra úrskurða. Stefndu halda enn fram að málið sé vanreifað af hálfu stefnanda, bæði hvað varðar grundvöll kröfu stefnanda og þær erlendu réttarreglur sem stefnandi byggir á, og að dóminum beri að vísa málinu frá af sjálfsdáðum. Hvað þetta varðar tekur dómurinn fram að krafa stefnanda er reist á umræddum lánessamningi frá 2. nóvember 2016 og á því byggt að hvorki hið stefnda félag né ábyrgðarmennirnir hafi greitt kröfurnar þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir þar um. Í skilmálum samningsins er skýrt að lántaki er hið stefnda félag og um skyldur ábyrgðarmanna er vísað til 17. gr. í samningnum. Þá er fjallað um vexti og önnur

greiðslukjör í grein 6.1. Jafnframt er stefnuþjárhæðinni og útreikningi hennar nánar lýst í stefnu og vísað til gagna um stöðu lánsins, inn- og útborganir og vaxtafærslur lánsins. Enn fremur hefur stefnandi undir rekstri málsins aflað matsgerðar um enskan rétt. Dómurinn telur í ljósi framangreinds og með vísan til úrskurðar Landsréttar í málinu nr. [...] /2022 ekki slíka annmarka á málatilbúnaði stefnanda að varði frávísun málsins af sjálfsdáðum.

Við munnlegan málflutning var af hálfu stefndu teft fram ýmsum sjónarmiðum sem bent var á af hálfu stefnanda að ekki væri byggt á í greinargerð. Var þar um að ræða sjónarmið um vaxtaútreikning kröfunnar, sem lutu þó aðallega að meintum óskýrleika hennar og háu vaxtastigi, að hinir stefndu ábyrgðarmenn hafi ekki verið upplýstir um vanefndir hins stefnda félags, að ábyrgð ábyrgðarmannanna hafi „ekki virkjast“ samkvæmt ákvæðum sammingsins, að staða aðila fyrir og eftir sammingsgerð hafi verið ójöfn og að beita ætti ófrávíkjanlegum reglum laga nr. 32/2009, einkum 4., 5. og 7. gr., í málinu á grundvelli 1. en þó aðallega 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar. Af hálfu stefndu var því hafnað að um væri að ræða málsástæður sem væru of seint fram komnar.

Vegna þessa tekur dómurinn fram að umrædd sjónarmið eru ekki sett fram með mjög skýrum hætti í greinargerð og útlistun þeirra hefði mátt vera nákvæmari. Kemur þó fram það sjónarmið stefndu að „ábyrgðarmennirnir hafi ekki verið upplýstir sérstaklega um vanefndir á láninu“. Þá segir að kröfugerð stefnanda samræmist „ekki íslenskri lagahefð og lagaskilareglum“. Jafnframt er vísað til þess að krafa stefnanda sé ekki „lögvarin“ og „engin skilyrði séu uppfyllt að enskum rétti svo að sækja meggi á þá með þeim hætti sem stefnandi geri í máli þessu“. Þá er vísað almennt til ófrávíkjanlegra sjónarmiða um réttindi ábyrgðarmanna og laga nr. 32/2009, reyndar án tilgreiningar til tiltekinna ákvæða laganna, og einnig vísað sérstaklega til 36. gr. laga nr. 7/1936 og að staða sammingsaðila hafi verið ójöfn. Hvað varðar tilvísun til lagaskilareglna um beitingu ófrávíkjanlegra íslenskra ákvæða segir að vísu í greinargerð að „samningurinn fari eftir enskum lögum“ og „íslenskum, að svo miklu leyti sem stefnandi byggir á þeim“. Fyrir liggur að stefnandi byggir á enskum rétti í samræmi við ákvæði sammingsins.

Eins og áður segir reisir stefnandi kröfu sína á hendur hinu stefnda félagi á ákvæðum lánssammingsins frá 2. nóvember 2016. Stefnandi byggir á því að félagið hafi sem lántaki vanefnt verulega greiðslur samkvæmt samningnum. Hafi vanefnd félagsins verið viðvarandi nánast frá upphafi, eða frá vormánuðum 2017. Fyrsta greiðslan hafi ekki verið innt af hendi fyrr en í mars 2018 og síðasta greiðslan í desember 2018. Varnir hins stefnda félags sem fram koma í greinargerð byggja aðallega á því að ekki hafi stofnast gild og lögvarin krafa á hendur félaginu. Þá var byggt á því í greinargerð að óljóst væri hvort lánið hafi ratað til hins stefnda félags en frá þeirri málsástæðu var horfið við munnlegan málflutning.

Samningurinn er langur og ítarlegur og hefur ákvæðum hans verið ítarlega lýst. Eins og þar kemur fram undirgengust samningsaðilar samkvæmt grein 24.1 að um samninginn færi eftir enskum lögum og réttarreglum. Dómurinn telur ekkert annað fram komið í málinu en að um gildan samning að enskum rétti sé að ræða eins og fram kemur í matsgerð um enskan rétt sem stefnandi aflaði undir rekstri málsins til að leiða í ljós efni þeirra erlendu réttarreglna sem á er byggt í málinu. Í fyrirbyggjandi matsgerð er reglunum lýst og látið í ljós rökstutt álit á efni þeirra í samræmi við 1. og 2. mgr. 60. gr. og 1. mgr. 63. gr. laga nr. 91/1991. Verður ekki fallist á með stefndu að stefnandi hafi með matsgerðinni raskað málsgrundvellingnum þannig að í bága fari við meginreglu 95. gr. og 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt þessu verður að telja að bæði tilvist og efni þeirra lagareglna sem um ræðir sé nægilega í ljós leitt í skilningi 2. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991. Eftir sem áður er það dómara að kveða upp úr um hvort staðhæfing um umdeild atvik teljist sönnuð eða ekki, sbr. 1. mgr. 44. gr. laganna.

Af ákvæðum samningsins og gögnum málsins er ljóst að hið stefnda félag fékk lán hjá stefnanda sem það skuldbatt sig til að greiða og gengust aðrir stefndu í ábyrgð fyrir skilvísnum greiðslum lánsins og vanefndum eins og þeir væru sjálfir lántakar. Óumdeilt er að hið stefnda félag er í vanskilum gagnvart stefnanda á greiðslum samkvæmt samningnum. Félagið vanefndi greiðslur samkvæmt samningnum strax frá upphafi og barst fyrsta greiðslan ekki fyrr en í mars 2018. Félagið innti þannig af hendi greiðslur til stefnanda 19. mars, 17. apríl, 1. ágúst, 4. september, 30. október og 20. desember 2018, alls samtals 160.000 sterlingspund, en ekkert eftir það. Þá kemur fram í gögnum málsins að stefnandi sendi lántaka bréf 30. apríl 2019 þar sem skorað var á hann að greiða skuld sína við stefnanda. Þá sendi stefnandi lántaka bréf um gjaldfellingu lánsins 27. september 2021. Samkvæmt framansögðu er greiðsluskylda hins stefnda félags skýr og færð það stoð í framlagðri matsgerð um enskan rétt. Ekkert er fram komið í málinu sem leitt getur til þess að hún verði talin niður fallin í heild eða að hluta. Hið stefnda félag hefur vanefnt skyldur sínar gagnvart stefnanda og verður því fallist á kröfu stefnanda gagnvart hinu stefnda félagi í samræmi við kröfugerð hans enda fær málalíbúnaður hans stoð í gögnum málsins.

Hvað hina stefndu ábyrgðarmenn varðar tekur dómurinn fram að í samningnum er því lýst að þeir hafi tekið á sig ábyrgð á efdum samningsins og á vanefndum lántaka, eins og þeir sjálfir væru skuldarar og að ábyrgð þeirra taki til endanlegrar fjárhæðar alls þess sem lántaka beri að greiða eins og nánar segir í 17. gr. samningsins. Þá segir þar jafnframt að hver ábyrgðaraðili gangist undir „óskiptar skuldbindingar með „óafturkræfum og skilyrðislausum hætti“ og að ábyrgðin „taki til endanlegrar fjárhæðar alls þess sem lántaka ber að greiða“ samkvæmt samningnum.

Sjónarmið stefndu ábyrgðarmannanna um að óljóst sé í hverju ábyrgð þeirra felist og að ekki sé um „in solidum“ ábyrgð að ræða fá ekki stoð í gögnum málsins. Ljóst er af

ákvæðum samningsins að um óskipta ábyrgð er að ræða og að hver ábyrgðarmaður fyrir sig ábyrgist alla skuldina. Ábyrgð hvers ábyrgðarmanns tekur þannig til heildarfjárhæðar skuldarinnar sem nýtur ábyrgðar og hægt að ganga að hverjum og einum ábyrgðarmannanna fyrir allri skuldinni. Fær þetta einnig stoð í framlagðri matsgerð um enskan rétt. Verður að telja ljóst að stefndu hafi undirgengist gagnvart stefnanda óskipta ábyrgða á efndum samningsins eins og þeir væru lántakar og beinir hann því kröfu sinni réttilega, óskipt, að þeim með lántaka. Skuldbinding lántakans er skýr eins og áður sagði og skuldbinding ábyrgðarmannanna einnig.

Hvað varðar þau sjónarmið stefndu ábyrgðarmannanna að þeim hafi ekki verið kynnt staða sín að enskum rétti verður ekki fram hjá því litið að í lánessamningnum sjálfum er ábyrgð þeirra ítarlega lýst og að í undirritun hvers og eins þeirra kemur fram að með því að gangast undir ábyrgðina kunni viðkomandi að vera ábyrgur í stað, eða ásamt, lántaka. Þá kemur þar jafnframt fram að viðkomandi ábyrgðarmaður ætti að leita óháðrar lögfræðiráðgjafar áður en gengist sé undir ábyrgðina. Er því ekki unnt að líta svo á að stefndu hafi ekki með góðu móti getað áttað sig á hvað í ábyrgð þeirra fælist og þá verður að telja að það hafi verið á ábyrgð ábyrgðarmannanna sjálfra að afla sér óháðrar lögfræðilegrar ráðgjafar. Sú staðreynd að þetta hafi þeir ekki gert getur ekki að mati dómsins breytt eða fellt niður greiðsluskyldu þeirra samkvæmt ákvæðum samningsins enda hafa stefndu ekki freistað þess að sýna fram á annað. Fær þetta stoð í framlagðri matsgerð um enskan rétt.

Hvað þau sjónarmið stefndu ábyrgðarmannanna varðar að fyrst þurfi að ganga að aðalskuldara áður en gengið er að ábyrgðarmönnunum er það að segja að skýrt verður að telja af orðalagi greinar 17.1 að þess þurfi ekki og fær sú ályktun einnig stoð í framlagðri matsgerð um enskan rétt þar sem segir að sé ekki til að dreifa samningsákvæði um hið gagnstæða geti ábyrgðarmaður ekki krafist þess að lánveitandi gangi fyrst að aðalskuldara áður en hann lætur reyna á ábyrgð ábyrgðarmannanna. Engu slíku ákvæði er til að dreifa í þeim samningi sem um er fjallað í málinu. Hafi stefndu talið að það hvernig staðið var að tilkynningum til hinna stefndu ábyrgðarmanna ætti að hafa sérstakar afleiðingar að enskum rétti varðandi gildi eða „virkjun“ ábyrgðar þeirra bar þeim að tryggja sér sönnur um slíkt. Engin slík sönnunarfærsla fór fram af hálfu stefndu.

Telja verður ljóst að aðilar hafi með undirskrift sinni undirgengist að lúta enskum lögum, sbr. 24. gr. samningsins. Í samræmi við framangreint er það niðurstaða dómsins að krafa stefnanda gagnvart ábyrgðarmönnunum byggi réttilega á samningi aðila frá 2. nóvember. Hefur stefnandi sýnt fram á greiðsluskyldu ábyrgðarmannanna og að þeir beri óskipta ábyrgð með aðalskuldaranum á vanefndum samningsins. Fær krafa stefnanda stoð í framlögðum gögnum og þeim ensku réttarreglum sem stefnandi reisir kröfu sína á og hann hefur leitt í ljós undir rekstri málsins. Hafna verður þeim sjónarmiðum stefndu

að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að krafa hans sé til og lögvarin. Óljós tilvísun stefndu við munnlegan málflutning til annarra trygginga stefnanda kemur ekki til álita í málinu.

Stefndu hafa byggt á því að á grundvelli 7. gr. laga nr. nr. 43/2000 skuli beita ófrávíkjanlegum reglum laga nr. 32/2009 og 36. gr. laga nr. 7/1936 í málinu. Fyrra atriðið er ekki reifað nánar í greinargerð. Stefndu reifa þó þar með ítarlegri hætti að þeir telji að beita beri 36. gr. laga nr. 7/1936 í málinu þar sem samningurinn hafi verið saminn einhliða af lánveitanda og að aðstöðumunur hafi verið milli lánveitanda annars vegar og lántaka og ábyrgðarmannanna hins vegar og að ósanngjarnt sé af stefnanda og andstætt góðri viðskiptavenju að bera ábyrgðina fyrir sig.

Stefnandi hefur talið, eins og áður er fram komið, að sjónarmið stefndu um beitingu lagaskilareglna á grundvelli laga nr. 43/2000 séu of seint fram komin en auk þessi verði í ljósi samninga- og viðskiptafrelsis að beita ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/2000 af varfærni. Dómurinn tekur fram að stefndu vísa í greinargerð með almennum hætti til ófrávíkjanlegra reglna laga nr. 32/2009 og í málflutningi var vísað til 4., 5. og 7. gr. laganna án þess að þessi ákvæði væru þó reifuð sérstaklega með tilliti til atvika málsins. Ítarlega er vísað til ákvæða 36. gr. laga nr. 7/1936 í greinargerð stefndu.

Jafnvel þótt talið væri að málatilbúnaður stefndu yrði skilinn svo að þeir hafi með nægilega skýrum hætti vísað til þess að beita eigi í máli þessu ófrávíkjanlegum reglum íslensks réttar á grundvelli 7. gr. laga nr. 43/2000 verður ekki séð að stefnandi hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 32/2009 með þeim hætti að haft geti áhrif á gildi ábyrgðarinnar eða að ósanngjarnt sé af stefnanda eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera ábyrgðina fyrir sig, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Hefur ekki verið sýnt fram á að atvik að samningsgerð hafi verið slík að ábyrgðarmennirnir hafi gengist undir ábyrgðina vegna ótilhlýðilegra áhrifa frá aðalskuldara eða kröfuhafa eða að þeir hafi ekki vitað um stöðu lántakans. Ekkert haldbært er fram komið sem styður sjónarmið stefndu um ójafna stöðu þeirra við samningsgerð eða að samningurinn hafi verið einhliða saminn af lánveitanda. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á að hinir stefndu ábyrgðarmenn hefðu ekki gengist undir ábyrgðina hefði greiðslumat verið gert á lántaka eða þeir verið upplýstir sérstaklega um stöðu lántaka sem þeim hlaut enda í ljósi allra atvika og tengsla sinna við félagið að vera kunnugt um. Hefur engin sönnunarfærsla farið fram í málinu af hálfu stefndu hvað framangreint varðar. Þá komu þeir ekki fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins til að lýsa atvikum fyrir sitt leyti. Bendir dómurinn einnig á að þegar sá samningur sem hér er deilt um var gerður höfðu sömu aðilar áður gert með sér annan samning sem einnig fór í vanskil og þeim síðari var ætlað að koma í stað hans. Þá verður ekki fram hjá því horft að lántaki og ábyrgðarmenn fengu tilkynningar í samræmi við 17. og 23. gr. samningsins og þess krafist að þeir brygðust við vanskilum lántaka og gerðu upp skuld hans við stefnanda. Fyrir liggur að ábyrgðarmennirnir fengu sent bréf 30. apríl og 14. október 2019, og lántaki og einn ábyrgðarmannanna, stefndi C, 27. september 2021, þar sem

tilkynnt var um gjaldfellingu lánsins. Geta hinir stefndu ábyrgðarmenn að mati dómsins ekki byggt á vanþekkingu um stöðu lántaka eða þær vanefndir sem hann var kominn í, hvernig sem á það er litið.

Stefndu setja ekki fram í greinargerð athugasemdir við stefnufjárhæðina sem slíka en athugasemdir þeirra varðandi kröfuna lúta einkum að vaxtaútreikningi og meintum óskýrleika vaxtakröfunnar sem þegar hefur verið tekin afstaða til í frávísunarþætti málsins og vaxtakrafan talin í samræmi við gögn málsins. Þá er ekki að sjá af gögnum málsins að við framkvæmd samningsins hafi komið fram nokkrar athugasemdir eða andmæli af þeirra hálfu hvað þetta varðar, hvorki hvað varðar útreikning höfuðstóls eða vaxta-greiðslur eða höfuðstólsfærslu þeirra. Þvert á móti er þar að finna skjal þar sem einn stefndu, C, leggur til hvernig uppgjör skuldarinnar geti farið fram og er ekki annað að sjá en að þar sé beitt sama vaxtaútreikningi í fylgiskjali með tölvupóstinum og stefnandi gerir við útlitun stefnukröfu sinnar hér fyrir dóminum. Þá vekur dómurinn athygli á því að samningnum fylgdi viðauki með útreiknuðum afborgunum af láninu og þá fylgdi slíkt skjal með bréfum lánveitanda til lántaka og ábyrgðarmannanna. Engin gögn liggja fyrir sem sýna að krafan sé önnur en stefnandi leggur til grundvallar í málinu og er sjónarmiðum stefndu þar að lútandi hafnað.

Að mati dómsins er stefnufjárhæð málsins því nægilega skýr og fær hún stoð í samningnum sjálfum og gögnum málsins. Dómurinn telur að hvorki stefnufjárhæðin né vaxtaútreikningur sé óljós eins og áður hefur verið vikið að og er höfuðstóll kröfu stefnanda og álagðir vextir í samræmi við ákvæði samningsins og gögn málsins. Hafa stefndu ekki sýnt fram á annað. Við munnlegan flutning málsins kom fram af hálfu lögmanns stefndu það sjónarmið að vextir væru of háir og bentu lögmaður stefnanda á að vextir endurspegli gjarnan áhættu af lánveitingu og nú lægi fyrir að hið stefnda félag væri komið í eins hvers konar slitameðferð samkvæmt enskum lögum.

Samantekið er það niðurstaða dómsins að stefnandi byggir á skýrum ákvæðum lánessamningsins og reglum um skuldbindingargildi hans. Málalíbúnaður hans er skýr og í samræmi við fyrirbyggjandi gögn. Ekki verður fram hjá því litið að hinir stefndu ábyrgðarmenn gengust í óskipta ábyrgð fyrir skuldum lántaka og efdum samningsins og brugðust ekki við áskorunum lánveitanda. Hefur stefnandi fyrir dóminum sýnt fram á að um gildan samning að enskum rétti sé að ræða og fært sönnur á réttmæti krafna sinna gagnvart öllum stefndu. Dóminum er því ekki annað fært en að fallast á kröfur stefnanda í málinu. Þegar horft er til ákvæða samnings aðila, vanefnda lántaka, skuldbindinga ábyrgðarmannanna, viðbragða stefnanda við vanefnd lántaka, tilkynninga og áskorana til lántaka og ábyrgðarmannanna verður ekki talið að unnt sé að beita ákvæðum laga nr. 32/2009 eða 36. gr. laga nr. 7/1936 þannig að leitt geti til þess að ábyrgð ábyrgðarmannanna og greiðsluskylda falli niður eða að samningnum verði vikið til hliðar í heild eða að hluta. Kemur varakrafa stefndu því heldur ekki til neinna álita í málinu.

Með vísan til framangreinds verður því hafnað öllum sjónarmiðum og málsástæðum stefndu, hvort sem litið er til aðal- eða varakröfu þeirra í málinu, en fallist á kröfur stefnanda í málinu.

Í samræmi við þessi málsúrslit verður stefndu gert að greiða stefnanda óskipt 4.500.000 krónur í málskostnað og hefur þá verið tekið tillit til reksturs málsins í heild fyrir dóminum, flutnings þess um frávísun og kostnaðar stefnanda af öflun matsgerðar í málinu.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Af hálfu stefnanda flutti málið Vífill Harðarson lögmaður en af hálfu stefndu Einar Brynjarsson lögmaður.

### **Dómsorð:**

Stefndu, Tommi's Burger Joint Ltd., C, D og E, greiði óskipt stefnanda, Merscus Ventures Ltd., 1.748.948 sterlingspund, ásamt umsömdum dráttarvöxtum, sem nema 1,95% á mánuði, og sem leggjast skulu við höfuðstól kröfunnar mánaðarlega 27. dag hvers mánaðar, frá 27. september 2021 til greiðsludags.

Stefndu greiði óskipt stefnanda 4.500.000 krónur í málskostnað.